



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf

1. nóvember 2013

Tilvísun: 2012020002/10.0

Efni: Endurskoðun reglna um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Fjármálaeftirlitið hefur unnið að breytingum á reglum um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 920/2008, í því augnamiði að gefa út endurskoðaðar reglur. Hinar endurskoðuðu reglur fela í sér breytingar sem eru til komnar vegna athugasemda ESA varðandi innleiðingu tilskipunar 2002/87/EB, auk þess sem nokkur ákvæði í hinum endurskoðuðu reglum fela í sér innleiðingu á tilskipun 2011/89/ESB um breytingu á fyrrnefndu tilskipuninni.

Meðfylgjandi dreifibréfi þessu eru endanleg drög að endurskoðuðum reglum um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum og einnig skjal sem sýnir breytingar sem unnar hafa verið á gildandi reglum. Með þessu dreifibréfi gefur Fjármálaeftirlitið fjármálafyrirtækjum og váttryggingarfélagum auk Samtaka fjármálafyrirtækja og Seðlabanka Íslands kost á að gera athugasemdir við drögin.

Þess er óskað að athugasemdir verði sendar Fjármálaeftirlitinu ekki síðar en 18. nóvember nk. Nánari upplýsingar veita Hjálmar Stefán Brynjólfsson (hjalmar@fme.is) og Sigurður Freyr Jónatansson (sigurdur@fme.is).

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsdóttir
Halldóra E. Ólafsdóttir

Hjálmar S. Brynjólfsson
Hjálmar S. Brynjólfsson